

258. Stjórnarfundur FEBRANG 23.02.2025 kl.13:00 í fundarsal Oddasóknar Hellu

Mætt voru Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Svavar Hauksson, Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon og Svavar Ólafsson. Sigurborg Óskarsdóttir boðaði forföll..

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, bað Sigdís Oddsdóttur að rita fundargerð og Svavari Haukssyni að lesa fundargerð síðasta fundar.

1. Fundargerð 257. stjórnarfundar frá 10/02/2025. Lesin og samþykkt.
2. Finnur og Ásdís fóru í Arion banka til að kanna hvort félagið fengi styrk til að halda uppi snjalltækjakennslu, enda mun hún nýtast vel þegar fólk þarf að læra á heimabanka í ljósi þess að persónuleg þjónusta við viðskiptavinum er verulega skert. Stjórn þarf að rita bréf og senda í tölvupósti til Arion banka og annarra banka. Ásdís og Dísu falið að rita bréf og leggja fyrir næsta stjórnarfund.
3. Fundur félaga á Suðurlandi verður haldinn á Selfossi 25.febrúar 2025. Finnur, Einar, Ásdís, Svavar H og Svavar Ó munu sækja fundinn.
4. Sveitaball verður haldið í Hvolnum í mars. Svavar Ólafsson hefur rætt við harmonikkufélag Suðurlands og þeir hafa samþykkt að koma gegn vægu gjaldi. Í skoðun er að fá fleiri tónlistarmenn til að troða upp og skemmtinefnd að vera með létt atriði.
5. Sundleikfimi. Finnur hefur rætt við Drífu um að halda úti sundleikfimi í sumar. Um er að ræða 8 vikur, frá 2.júní -24.júl til skiptis á Hellu og Hvolsvelli, á þriðjudögum og fimmtudögum kl 10. Stjórn samþykkir að taka tilboði Drífu og ákveður að gjaldið verði 5.000 kr á mann.
6. Nokkur svör hafa borist vegna ályktunar aðalfundar FEBRANG varðandi heilbrigðisþjónustu í Rangárþingi. Rangárþing Ytra og Eystra hafa tekið

ályktunina fyrir á sveitarstjórnarfundum, þingmenn, heilbrigðisráðherra og forstjóri HSU hafa einnig svarað. Forstjóri HSU hefur boðið stjórn á fund til að ræða þetta málefni. Stjórn hefur ákveðið að bíða átekt og sjá hvernig málum fram vindur.

7. Aðalfundur LEB verður haldinn 29.apríl nk.

8. Þúttið. Einar hefur rætt við Brynju Bergsveinsdóttur og hún er til í að taka að sér að vera með þúttið í sumar. Byrjar væntanlega í júní.

9. Önnur mál

Koma þarf öllum fundargerðum á heimasíðu félagsins.

Einar skilaði inn gögnum varðandi meðalaldur félaga í FEBRANG. Í ljós kom að meðalaldur er 77 ár. Félagar 70 ára og yngri eru 75 og eldsti félaginn er 97 ára.

Svavar H og Díska lögðu fram gögn er varða ferðir sumarsins. Um er að ræða rútukostnað, mat ofl. Stjórn samþykkir þessa kostnaðarliði

10. Næsti fundur verður þann 24.mars 2025 kl. 13

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Formaður

Ritari